

28.5.2021

Umsögn Samnor við Hvítbók um byggðamál, mál nr. 115/2021

Samnor er samstarfsvettvangur framhaldsskóla á norðaustursvæði. Í Samnor samstarfinu eru: Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Í byggðaáætluninni kemur fram aukin áhersla á menntamál og mikilvægi þess að aðgengi sé gott að nútímalegu og heildstæðu menntakerfi í dreifðum byggðum.

Framhaldsskólarnir fimm í Samnor eru ólíkir innbyrðis. Í því fellst styrkur samstarfsins og er það jafnframt styrkur landshlutans að geta boðið upp á ólíka námsmöguleika. Framhaldsskólarnir eru jafnframt mjög mikilvægar stofnanir í sínum heimabyggðum sem veita bæði störf og námstækifæri á staðnum.

Samnor telur ýmsa samstarfsmöguleika geta tengst byggðaáætlun og sér tækifæri í samstarfi við ríki og sveitarfélög í því verkefni að efla framboð á framhaldsskólamenntun í dreifðum byggðum sem ekki hafa framhaldsskóla og námstækifæri innan daglegrar búsetusóknar.

Vanda þarf til slíkrar framsetningar og passa upp á að nemendur eigi athvarf í heimabyggð og þar sé boðið upp á utan umhald og umhverfi sem er eftirsóknarvert fyrir ungmenni að sækja í. Blöndun stað- og fjarnáms er þar talinn vænlegur kostur. Setja mætti upp slíkt módel í samstarfi við framhaldsskólana fimm og nær svæði á Norðausturlandi. Vakin er athygli á því að með breyttu skipulagi í iðnnámi aukast möguleikar á slíku námi í dreifðum byggðum.

Samnor leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við sveitarfélög hvað framhaldsskólamenntun varðar og hafa skólarnir áhuga á því að koma að framþróun í þessum efnum í samstarfi við ríki og sveitarfélög. Forsenda þess að af þessu verði er að fjármagn fái til verkefnisins.

Virðingarfyllt fyrir hönd Samnor,

Framhaldsskólinn á Húsavík - Valgerður Gunnarsdóttir
Framhaldsskólinn á Laugum - Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Menntaskólinn á Akureyri - Jón Már Héðinsson
Menntaskólinn á Tröllaskaga - Lára Stefánsdóttir
Verkmenntaskólinn á Akureyri - Sigríður Huld Jónsdóttir

Ingunn Helga Bjarnadóttir
verkefnastjóri Samnor